

5. fundur stjórnar foreldrafélags Brekkuskóla skólaárið 2011-2012

6. febrúar 2012

Mættir: Jóhann Gunnarsson, formaður, Þórunn Á Garðarsdóttir, Heiðrún Jóhannsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Hafdís Bjarnadóttir, varaformaður, Sigmundur Kr. Magnússon, gjaldkeri, Agla María Jósepsdóttir.

Sigmundur greindi frá greiðslum til foreldrafélagsins en um helmingur foreldra hafa greitt greiðsluseðilinn "Vinir Brekkuskóla" í heimabankanum. Ákveðið var að senda foreldrum póst varðandi greiðslur í sameiginlegan sjóð nemenda.

Rætt var um eftirlit á skólaböllum/unglingaböllum í bænum og ákveðið að spyrjast fyrir um slíkt eftirlit hjá skólastjórnendum og fræðslufirvöldum. Stjórnin telur mjög mikilvægt að góð vöktun sé á unglingaskemmtunum.

Rætt var um stöðu skólans og nemenda í tengslum við mál sem varðar einn kennara skólans en málið er í ákveðnu ferli hjá fræðslufirvöldum bæjarins.

Fundi slitið.